

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 7. febrúar 2023
UST202301-322/B.S.
10.04.02

**Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 -
stækkun á Skaganámu**

Vísað er til erindis Múlaþings dags. 20. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda breytingu á Aðalskipulagi sveitarfélagsins.

Ætlunin er að taka allt að 350.000 m³ af grjóti í snjóflóðavarnir og ýmis önnur verkefni úr Skaganámu. Náman er opin og er stórt plan framan við námubotninn.

Hér verður um að ræða viðbót við umhverfisáhrif sem þegar eru að hluta til staðar. Umhverfisstofnun hefur áður bent á að þar sem talsvert umframefni er til staðar í nágrenni námunnar ætti að nýta þetta efni til frágangs á þeim hluta námunnar þar sem efnistöku er lokið og þannig bæta ásýnd svæðisins vegna alls þess magns sem ætlunin er að taka úr námunni. Ekki ætti að skilja við námuna ófrágengna að öllu leyti að þeim framkvæmdum loknum sem nú standa yfir. Gerð verði krafa um frágang vegna frekari efnistöku þannig að ófrágengið stál verði í hvert sinn sem minnst.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda breytingu á aðalskipulagi.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson,
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir,
sérfræðingur